



## „Lóan er komin“ í Berlín

*Framlag Íslendinga til Feneyjartvíæringins 2007 var kynnt fyrir þýskum menningarfulltrúum og blaðamönnum í sendiráðsbústaðnum í Berlín þann 26. Apríl, að viðstöddum listamanninum Steingrími Eyfjörð.*

Ólafur Davíðsson, sendiherra Íslands í Berlín, í samvinnu við Christian Schoen framkvæmdastjóra Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar, bauð til móttöku í sendiráðsbústaðnum til að kynna verkefnið. Um sjötíu þýskir menningarfulltrúar; menningarblaðamenn, galleristar og sýningarstjórar þáðu boðið.

Frá sjónarhóli alþjóðlegrar myndlistar er Þýskaland með mikilvægari myndlistarmörkuðum. Höfuðborgin Berlín er hjarta þessa alþjóðlega markaðar, með tugi myndlistarsafna, hundruð gallería og fjölda safnara, að ógleymdum menningargagnrýndum og blaðamönnum virtra tímarita og dagblaða.

Christian Schoen, framkvæmdastjóri Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar / CIA.IS hélt kynningu þar sem hann fjallaði um íslenska myndlist í sögulegu samhengi, og sérstaklega um hina mjög svo áhugaverðu þróun sem átt hefur sér stað í íslenskri myndlist undanfarnin ár. Hann staðsetti svo listamanninn Steingrím Eyfjörð í hinu íslenska menningarlandslagi og gaf innsýn í nálgun listamannsins og sýningu hans „Lóan er komin“ á Feneyjartvíæringnum í ár. Hann hvatti jafnframt þýsku fulltrúana til að vera við opnun íslenska skálans þann 6. júní í Feneyjum.

Þetta verkefni er hluti af viðameira samstarfi milli sendiráðsins í Berlín og Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar.

Í kjölfar árangursríkrar kynnisferðar með þýska menningarfulltrúa til Íslands í maí í fyrra, efna sendiráðið og Kynningarmiðstöðin til annarar slíkrar ferðar frá 11. – 15. maí nk. Þegar hafa 8 mikils metnir einstaklingar úr myndlistarlífi Þýskalands staðfest þátttöku þ.á m. Sabrina van der Ley, listrænn stjórnandi Art Forum í Berlín, einnar virtustu myndlistarkaupstefnu Þýskalands og Prof. Dr. Hubertus Gassner, safnstjóri Hamburger Kunsthalle í Hamborg. Þýsku fulltrúarnir verða kynntir fyrir fjölda aðila á sviði myndlistar, auk þess að verða viðstaddir opnun Vatnasafns Roni Horn í Stykkishólmi þann 12. maí. Auður Edda Jökulsdóttir sem fer með menningarmálin í sendiráði Íslands í Berlín hefur unnið að undirbúningi ferðarinnar og mun fylgja hópnum til Íslands.

Ferðin er studd af utanríkis- og menntamálaráðuneyti. Hún væri ekki möguleg nema fyrir tilstuðlan fjölda íslenskra fyrirtækja og stofnana þ. á m. Nordica Hótel, Iceland Express og Bláa Lónsins, auk Reykjavíkurborgar, Listahátíðar í Reykjavík, myndlistarsafna, gallería og myndlistamanna á höfuðborgarsvæðinu.

Nánari upplýsingar fást hjá Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar og á vefsíðu miðstöðvarinnar [www.cia.is/venice](http://www.cia.is/venice).